49. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishérað, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Samkomulag náðist ekki í nefndinni um frumvarpið. Vildi meiri hl. samþykkja það óbreytt, en minni hl. með breytingum.

Minni hl. telur sumt í frumvarpinu horfa til bóta, svo sem það, að Borgarfjörður eystri verður nú gerður að sérstöku læknishéraði með læknissetri í Bakkagerði, sömuleiðis, að læknissetur verða nú að Egilsstöðum á Völlum og að Selfossi, á þann hátt, er síðar greinir. Sumt annað í frumvarpinu virðist ekki skipta máli, að áliti minni hl., eins og það, hvaða nöfn eru notuð um læknishéruðin, sbr. 3. gr. þess, eða hvort íbúar í Loðmundarfirði verði í heilbrigðisskýrslum taldir með Bakkagerðis- eða Seyðisfjarðarhéraði, því að fyrir Loðmfirðinga hefur þessi löggjöf væntanlega ekki aðra breytingu í för með sér.

Loks telur minni hl. enn annað, sem sé beinlínis til baga. Hann telur það varhugavert að steypa öllu Fljótsdalshéraði í eitt læknishérað, þar sem tvö voru áður, og á móti kemur það eitt, að læknissetrið er sett miðsveitis í bæði héruðin og Borgarfjörður tekinn undan. En þar sem hér þarf skjótra aðgerða við, vegna brunans á læknisbústaðnum á Brekku, og minni hl. telur þess hins vegar fulla þörf, að taka læknaskipun landsins til endurskoðunar sem fyrst, þá gerir hann ekki ágreining um þetta atriði að sinni.

Öðru máli gegnir um Eyrarbakkahérað. Það, sem mælir með breytingu þeirri, er frv. fer fram á, er, að Selfoss liggur miðsveitis í héraðinu og sveitahrepparnir, sem læknishéraðinu tilheyra, eiga auðveldara að leita læknis þangað en að Eyrarbakka. En þegar hins er gætt, að í þorpunum Eyrarbakka og Stokkseyri búa 1240 manns og fjarlægð milli þeirra er aðeins 5—6 km., þá telur minni hl. það ekki ná nokkurri átt, enda ekki fordæmi til fyrir því, að læknir sé fluttur burt frá svo fjölmennum þorpum.

Minni hl. telur það einu lausn þessa máls að skipta héraðinu í tvennt, eins og farið er fram á í eftirfarandi breytingartillögu, enda er fullkomin ástæða til þess að mynda nýtt læknishérað með Selfossi og umhverfi. Bæði að Selfossi og í Hveragerði hafa myndazt allstór þorp nú á fáum árum. Íbúatala þeirra mun um eða yfir 600 manns, og eru bæði þorpin í örum vexti.

Minni hl. virðist því ljóst, að læknishéraðið sé þegar svo fjölmennt með þessum fjórum þorpum, fjölbyggðu sveitum og langri leið út í Selvog, þegar þangað þarf að sækja lækni, að það sé ofviða einum lækni og beri því af þeirri ástæðu einnig að skipta héraðinu.

Með hliðsjón af framansögðu leggur minni hl. til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

a. 47. liður 1. gr. laganna orðist svo:
   Eyrarbakkahérað: Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur og Selvogshreppur. Læknissetur á Eyrarbakka.

b. Við bætist nýr (48.) liður, svo hljóðandi (og breytist liðatalan á eftir samkv. því):
   Selfosshérað: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Sandvíkurhreppur, Ölfushreppur og Grafningshreppur. Læknissetur að Selfossi.

Alþingi, 15. febr. 1944.

Sigurður Thoroddsen.